SETBERGSSKÓLI

Matsskýrsla Setbergsskóla

júní 2011

Efnisyfirlit

1. Inngangur…….. 3
1.1 Tilgangur og markmið með innra mati…….. 3
1.2 Matstæki…… 3
2. Viðhorfakannanir…….. 4
2.1 Skólapúlsinn.....……... 4
2.2 Könnun Olweusar.....…… 5
2.3 Viðhorfakönnun foreldrar 4. og 7. og 9. bekk…… 6
2.4 Starfsmannakönnun……..8
3. Skimunarpróf…….....11
4. Samræmd könnunarpróf 4.,7. og 10. bekk……12
5. Starfsmannasamtöl…….12
5.1 Niðurstöður úr starfsmannastamtölum……13
6. Foreldradagar…….16

1. Inngangur

Yfirumsjón með matsskýrslu Setbergsskóla hefur skólastjóri ásamt matsteymi skólans sem hefur umsjón með framkvæmd á mati á skólastarfi.

Allar kannanir sem lagðar eru fyrir á vegum matsteymis eru kynntar hlutaðeigandi aðilum og eru unnar umbótaáætlanir sem byggðar eru á greiningu á niðurstöðum þeirra. Umbótaáætlanir byggjast á markmiðasetningu og umræðum sem eiga sér ýmist stað á vinnufundum starfsmanna eða í minni hópum kennara og stjórnenda. Umbótaáætlanir eru síðan liður í verkefnaáætlun skólans.

Í skýrslunni eru fyrst talin matstæki, hvernig gagnaöflun fór fram og með hvaða mælitækjum gögnum var safnað. Greint er frá helstu niðurstöðum sem varða styrkleika og þá þætti sem betur mega fara. Meðfylgjandi er einnig áætlun um mat til ársins 2012 en sú matsáætlun er endurskoðuð árlega. Skýrsla þessi er send til fræðslustjóra og fræðsluráðs og kynnt skólaráði Setbergsskóla í júní. Matsskýrslan er einnig birt á heimasíðu skólans www.setbergsskoli.is.

1.1 Tilgangur og markmið með innra mati

- Leita leiða til að bæta námsárangur og aðstæður nemenda skólans.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni og starfsemi hennar sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, bæði nemenda og starfsmanna.
- Stuðla að þróun og vexti skólans og skapa frjóa umræðu um starf hans.
- Tryggja miðlun upplýsinga um starfsemi skólans bæði í innra og ytra umhverfi hans.

1.2 Matstæki

- Skólapúlsinn: Kannanir voru lagðar fyrir úrtak nemenda í 6. – 10. bekk frá og með desember 2010 til og með apríl 2011.
- Kanni: Könnun var ekki lögð fyrir nemendur í 4. bekk í þetta sinn.
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk.
- Kanni: Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra barna í 4., 7. og 9. bekk á foreldradegi 27. janúar 2011.
- Skimunarpróf GRP14, greinandi ritmálspróf fyrir 9. bekk.
- Læsi, lestrarskimun fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.
- Kanni. Spurningalisti lagður fyrir starfmenn í mars 2011.
- Starfsmannasamtöl í mars til maí 2011.
- Skýrslur eftir foreldradaga.

2. Viðhorfakannanir

2.1 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er samtímamæling fyrir sjálfsmat skóla. Kannanir eru lagðar fyrir úrtak nemenda í 6. - 10. bekk. Nemendur eru valdir af handahófi. Gert er ráð fyrir að mælingar fari fram í október, nóvember, desember, febrúar mars og apríl. Þar sem Setbergsskóli var í fyrsta sinn að tengjast Skólapúlsinum var fysta fyrirlögn í desember 2010. Niðurstöður 2010 -2011 eru því frá og með desember 2010 til og með apríl 2011. Þeir þættir sem Skólapúlisinn mælir eru virkni nemenda, líðan þeirra auk skóla- og bekkjaranda. Einnig eru gefnir möguleikar með opnum spurningum að lýsa því hvað sé gott og slæmt við skólann. Skólapúlsinn kemur í stað Kanna, mælitækis sem áður var notað fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekkjum og var lagt fyrir alla nemendur þeirra árganga. Skólapúlsinn gefur tækifæri til samanburðar á landsvísu sem fyrra matstæki gerði ekki. Meira má lesa um skólapúlsinn á www.skolapulsinn.is.

Virkni nemenda:
Undir þættinum virkni nemenda kom í ljós að nemendur í Setbergsskóla eru í landsmeðaltali hvað varðar ánægju af lestri. Talsverður kynjamunur er á ánægju af lestri og bæði í Setbergsskóla og á öllu landinu hafa stúlkur töluvert meiri ánægju af lestri en drengir. Áttundi bekkur í Setbergsskóla er lægri en landsmeðaltal, þó er munurinn þar ekki mikill. Þegar litið er á meðaltal skólans má sjá að í febrúar eykst aðeins ánægja nemenda af lestri. Áhugavert væri að athuga hvað veldur því en líklegt að áhrifa lestrarspretts gæti.

Áhugi á stærðfræði og gildi náttúruvísinda er svipað og landsmeðaltalið. Þó má sjá að nemendur í 10. bekk í Setbergsskóla eru yfir landsmeðaltali hvað varðar áhuga á stærðfræði.

Meðaltöl sem snerta áhugahvöt svo sem þrautseigja í námi, stjórn á eigin lífi og trú á eigin getu mælast í Setbergsskóla meðal þeirra hæstu í kerfinu. 7. bekkur sker sig úr hvað varðar trú á eigin námsgetu og stjórn á eigin árangri. Munurinn er ekki töluverður en þó mælanlegur.

Líðan nemenda:
Líðan nemenda í Setbergsskóla er að meðaltali betri en landsmeðaltalið. Athyglisvert er að líðan nemenda í 7. bekk er töluvert betri en nemenda í 6. bekk. Drengir í Setbergsskóla hafa töluvert meira sjálfálit en stúlkur. Þar munur einum heilum. Almennt hafa stúlkur minna sjálfálit og stjórn á eigin lífi sé landmeðaltalið skoðað. Sé horft til ákveðinna árganga með stjórn á eigin lífi í huga má sjá að 6. bekkur er þar undir landsmeðaltali en hins vegar er 10. bekkur nokkuð yfir. Kvíði nemenda í Setbergsskóla er sambærilegur öðrum skólum. 6. og 10. bekkur sker sig þó úr, kvíði er meiri þar en í öðrum árgöngum skólans. Töluvert meiri kvíði einkennir stúlkur en drengi bæði í Setbergsskóla og í landsmeðaltali.

Skóla – og bekkjarandi:
Skóla – og bekkjarandi er betri í Setbergsskóla en landsmeðaltalið. Samband nemenda í Setbergsskóla við kennara er gott og flestir telja aga vera í tímum. 9. bekkur sker sig þó úr heildinni, þeir telja að ekki sé mikill agi í tímum, töluverður munur er þarna á. Stuðningur kennara við nemendur mælist svipaður og landsmeðaltalið. Þátttaka nemenda í tímum er örlítið minni í Setbergsskóla og þá sérstaklega í 9. bekk. Þegar spurt er um mikilvægi heimavinnu er Setbergsskóli þar yfir landsmeðaltali og þar skorar 9. bekkur hátt. Þau telja heimavinnu mikilvæga.

Eftirfarandi eru dæmi um staðhæfingar sem nemendur hafa skráð í opnum svörum og flokkast sem styrkleikar:

Hvað er gott við skólann?

- Krakkarnir, vinirnir og félagslífið
- Góðir kennarar
- Hægt að fara í borðtennis
- Góður skóli

Hvað er slæmt við skólann?

- Skólinn er bara hvítur, allt of daufir litir.
- Vondur matur.
- Kennarar og skólaliðar hlusta ekki.
- Ekki tekið nógu mikið á einelti og stríðni.
- Of lítið félagslíf, of fáar ferðir.
- Skólinn byrjar of snemma.

2.2 Könnun Olweusar

Olweusarkönnunin var lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk í nóvember 2010. Skólinn er ekki formlegur þátttakandi í Olweusaráætluninni en hefur í starfi sínu stuðst við þær stoðir sem Olweus mælir með að notaðar séu í vinnu gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Annar tveggja deildarstjóra er í verkefnisstjóranámi á vegum Olweusaráætlunarinnar á Íslandi og sá um fyrirlögn og úrvinnslu könnunar.

Í niðurstöðum könnunarinnar er að finna vissar vísbendingar um hvernig skólanum hafi tekist til í vinnu gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Í könnuninni er fjallað um eftirfarandi þætti: Vini og líðan í skóla, mælingar á einelti, viðbrögð í eineltisaðstæðum, afstöðu til eineltis og hvernig umhverfið bregst við.

Í Setbergsskóla er tvennt öðru fremur sem einkennir niðurstöður, mikill kynjamunur og einelti mælist meira meðal yngri nemenda en þeirra sem eldri eru.

Þegar nemendur eru spurðir hvernig þeim líki að vera í skólanum svara tæplega 86,5% drengja og 88,6% stúlkja að þeim líki vel að vera í skólanum. 81,6% drengja og 75,3% stúlkna segjast eiga fjóra vini eða fleiri í skólanum. 6,9% drengja segjast eiga engan eða einn vin eiga í skóanum en 3,6% stúlkna.

Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir verði fyrir einelti svara 8,9% drengja því játandi og 3,5% stúlkna. Skýringin á bak við þessa tölu er að finna meðal drengja í 5. bekk þar sem einelti og vanlíðan mældist hátt. Þegar þeir nemendur sem segjast vera lagðir í einelti lýsa því nánar hvar eineltið eigi sér stað kemur í ljós að skólalóð og gangar eru í efsta sæti.

Einelti meðal nemenda í Setbergsskóla mælist mest í 4. og 5. bekk en minnkar þegar nemendur eldast og er minna hjá stelpum en strákum. Strákarnir kvarta flestir yfir einelti meðal eldri drengja. Stúlkur segja í 50% tilvika að gerandinn sé í þeirra bekk en 23% drengja.

Nemendur eru einnig spurðir að því hvort þeir geti sjálfir hugsað sér að leggja í einelti. Tæplega 12% stúlkna og rúmlega 22% drengja geta hugsað sér það.

Tæplega 14% nemenda óttast að vera lögð í einelti af samnemendum. Örlítið fleiri stúlkur en drengir óttast að vera lögð í einelti. Niðurstöður sýna að stúlkur eru líklegri til að ræða um einelti en drengir og drengir eru líklegri til að segja frá einelti heima en í skólanum. 17,8% drengja segjst tilbúnir til að leggja einhvern í einelti sem þeir kunna ekki við en 7,4% stúlkna, eða að meðaltali rúmlega 12% nemenda. Þetta eru nokkuð hærri tölur en meðaltalstölur úr Reykjavík sem eru rúmlega 10%.

Allar stúlkur sem segjast hafa orðið fyrir einelti telja að foreldrar þeirra hafi haft samband við skólann. Einungis helmingur drengja sem segjast hafa orðið fyrir einelti telja að foreldrar hafi haft samband við skólann. Það er athyglisvert í ljósi þess að þeir eru duglegri að segja frá heima.

Drengirnir telja síður en stúlkur að kennarar og annað starfsfólk reyni oft eða næstum alltaf að gera eitthvað til að bregðast við einelti.

59% stúlkna og 49% drengja segja að starfsfólk skólans geri alltaf eða nær alltaf eitthvað til að stoppa einelti. 56% stúlkna og 36% drengja segja að samnemendur geri alltaf eða nær alltaf eitthvað til að stoppa einelti. 50% segjast aldrei hafa tekið þátt í að leggja í einelti og eru stúlkur þar í meirihluta. 33,5 % segjast koma til aðstoðar ef þau sjá að einhver er lagður í einelti, 41% stúlkna og 26% drengja. 11% sögðust vera hugsanlegir verndarar, 3% horfa á og 5% eru í klappliðinu, þ.e. hvetja gerandann áfram. 25 börn í skólanum segjast óttast oft eða frekar oft að vera lögð í einelti.

Hafa verður í huga að fáir nemendur geta orsakað vanlíðan margra og mikilvægt er því að fljótt sé gripið inn í ef grunur kviknar um einelti. Mikilvægt er að fá góðar upplýsingar frá starfsfólki og láta alla sem málið varðar vita ef grunur er um einelti og setja ferlið strax í gang.

Úrbótaþættir:

- Gerðar voru endurbætur á áætlun skólans gegn einelti og andfélagslegri hegðun.
- Haldið var áfram að vinna að heildrænni forvarnastefnu.
- Áætlunin kynnt foreldrum og skólaráði.
- Í kjölfar könnunarinnar fór eineltis og forvarnateymi með fræðslu inn í alla bekki skólans,
- Endurbætur á gæslu í frímínútum og hádegi.
- Sértök vinna námsráðgjafa í 4. bekk. Notast var við námsefnið vinir Zippíar.
- Halda þarf fundi með foreldrum til að fara yfir stöðu mála í bekkjum.
- Eineltis og forvarateymi komu að málum í þessum árgöngum.
- Unnið bæði með minni hópa og einstaklinga í 4. og 5. bekk.
- 4. bekkir verða stokkaðir upp á næsta skólaári jafnframt því að unnið verður markvisst með lífsleikni og samskipti.
- Öflug reglukennslu þarf að vera í bekkjunum.
- Íþróttakennari tekur ákveðinn hóp drengja í hópefli og vinnur með liðsanda.
- Tengslakannanir notaðar til að fylgjast með samskiptum í bekkjum.

2.3 Viðhorfakönnun foreldra barna í 4., 7. og 9. bekkjum

Viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra barna í 4., 7. og 9. bekkjum á foreldradegi í janúar 2011. Samtals eru 155 nemendur í 4., 7. og 9. bekk. Alls svöruðu 98 foreldrar. Sami spurningalisti var lagður fyrir og á síðasta ári. Spurningalistinn sem foreldrar svöruðu er byggður upp á staðhæfingum með svarmöguleikunum sammála, frekar sammála, frekar ósammála og ósammála.

Styrkleikar:
Í rituðum staðhæfingum kom m.a. eftirfarandi fram: Kennarar eru reyndir, góðir og faglegir og ná góðu sambandi við nemendur. Góður stuðningur er við nemendur og gott samstarf við foreldra. Góður andi í skólanum og foreldrar velkomnir. Foreldrar eru mjög ánægðir með skólastarfið, umhverfi skólans og aðbúnað. Vel er tekið á málum barna og börnum líður vel í skólanum. Góð samstaða í bekknum. Starfsmenn eru tilbúnir að aðstoða þegar upp koma vandamál. Kennarar sýna umhyggju fyrir börnunum, hafa uppbyggileg áhrif á þau og hvetja til betri árangurs. Frábær skóli. Alúðleg framkoma er það sem maður mætir hjá starfsfólki skólans.

Flokkun í styrkleika byggir á því að 90% eða fleiri lýsa sig sammála eða frekar sammála staðhæfingunum. Eftirfarandi atriði flokkast sem styrkleikar í skólastarfinu samkvæmt þessu viðmiði.

- Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri100%
- Það eru góð samskipti hjá nemendum í skólanum 94%
- Barninu mínu líður vel í skólanum 100%
- Umsjónarkennari barnsins hefur góða yfirsýn yfir þarfir barnanna 95%
- Mér finnst ég vera velkomin í skólann 96%
- Skólinn hefur kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti 91%
- Skólastjóri er áhugasamur um að bæta skólastarfið 91%
- Skólinn tekur tillit til óska okkar og athugasemda 90%
- Ég er ánægð(ur) með stjórnun skólans 90%
- Kennarar barnsins leggja metnað sinn í að kennslan sé góð 98%
- Við treystum starfsmönnum skólans 98%
- Börnum eru sköpuð góð skilyrði til að ná árangri í námi og starfi 94%
- Skólinn nýtur virðingar í samfélaginu 92%
- Þjónusta við fatlaða er góð í hverfisskólanum 100%

Umbótaverkefni:
Umbótaverkefni teljum við til þeirra atriða sem ekki náðu fyrrgreindu viðmiði, þ.e. 90% eða fleiri og væru staðhæfingunni sammála eða frekar sammála. Umbótaverkefnin varða: einelti- og agamál sem voru rétt undir 90%. Einnig kom fram að 49% foreldra telja þörf á aukinni fjölbreytni tómstundastarfs á vegum skólans. 34% telja að fræðslunefnd sýni ekki nægilegan áhuga og frumkvæði í málefnum skólans.

Í rituðum athugasemdum kemur eftirfarandi fram: Ekki nota prófadaga í lestrarpróf sem taka nokkrar mínútur á barn. Setja ætti hámarks nemendafjölda í bekk. Rútubílstjórinn fer á undan nemendum. Metnaðarfullir kennarar ættu að fá betur borgað fyrir vinnuna sína. Aga- og eineltismálum ekki fylgt nægilega eftir m.a. samskipti við foreldra. Of lítill stuðningur fyrir þá nemendur sem fara hraðar yfir í náminu.

Umbætur sem unnið er að í þessum málaflokkum:

- Til að vinna gegn og fyrirbyggja einelti er unnið eftir eineltisáætlun skólans og aðgerðir ákveðnar af eineltisteymi skólans í samráði við aðila sem tengjast málinu. Eineltisáætlun skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans. Rík áhersla er lögð á fræðslu um einelti og andfélagslega hegðun og er sú fræðsla í höndum eineltis- og forvarnateymis.
- Aðferðir SMT - skólafærni eru notaðar innan skólans og verður því haldið áfram. SMT - skólafærni miðar að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda, fyrirbyggja og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfa félagsfærni með umbun og styrkingu eins og hrósi. Starfsfólk hefur verið þjálfað í að bregðast við nemendum sem sýna hegðunarfrávik og leiðbeina þeim. Stutt verður áfram við leiðir fyrir kennara að vinna í tengslum við erfið agamál.
- Við munum hvetja bekkjarfulltrúa og aðra foreldra til að sinna enn frekar tómstundum nemenda í miðdeild. Skólahúsnæðið stendur ávallt til boða fyrir samkomur sem eru skipulagðar af foreldrum. Skorið hefur verið niður fjármagn til félagsmiðstöðvar skólans og því enn nauðsynlegra að hvetja bekkjarfulltrúa til að nýta skólahúsnæðið til samverustunda eftir að skóladegi lýkur.
- Vegna umferðargötunnar er leiksvæði nemenda eingöngu bakvið skólann og til hliðar en ekki fyrir framan hann. Til að auðvelda starfsfólki að hafa yfirsýn yfir nemendur í frímínútum hefur skólalóðinni verið skipt í svæði og er einn starfsmaður á hverju svæði í frímínútum og matarhléum. Auk þess verður gæslufólk auðkennt með endurskinsvestum til að vera sýnilegra á skólalóðinni.
- Hugað verður frekar að upplýsingaflæði á milli skólans og foreldra og lögð áhersla á heimasíðuna og mentor.is upplýsingakerfið til þess.

2.4 Starfsmannakönnun

Viðhorfakönnun var lögð fyrir starfsmenn þann 14. mars 2011. Samtals 45 starfsmenn svöruðu könnuninni. Spurningalistinn sem starfsmenn svöruðu er byggður upp á staðhæfingum með svarmöguleikunum sammála, frekar sammála, frekar ósammála og ósammála.

Styrkleikar

Flokkun í styrkleika byggir á því að 85% eða fleiri lýsa sig sammála eða frekar sammála staðhæfingunum en við viljum hafa það 90%. Eftirfarandi atriði flokkast sem styrkleikar í skólastarfinu samkvæmt þessu viðmiði.

- 93% af starfsmönnum líður vel í vinnunni.
- 94% er ánægður með vinnuaðstæður.
- 94% starfsmanna fara ánægðir heim að loknum vinnudegi.
- 94% telja starf sitt skipta máli.
- 80% kvíða ekki eða líður illa fyrir foreldrasamskipti.
- 92% starfsmanna telja sig vera glaða og reyna að efla félagsandann.
- 100% starfsmanna telja sig skila umsömdum vinnutíma og taka þátt í samstarfi.
- 97% starfsmanna telja skólann góðan vinnustað.
- 100% starfsmanna telja að einelti, stríðni og klúr umræða tíðkist ekki eða næstum aldrei meðal starfsmanna.
- 100% starfsmanna telja sig njóta trausts foreldra í starfi.
- 85% telja staðsetningu nemenda og nýtingu húsnæðis vera góða.

- 100% starfsmanna telja að foreldrar í skólahverfinu telji mikilvægt að börn þeirra nái góðum árangri.
- 97% telja að í skólahverfinu ríki samstaða um að reka góðan skóla.
- 85% telja að skólinn ráði fram úr eineltismálum sem upp koma.
- 86% telja sig vera viðurkenndan starfsaðila af hálfu skólastjóra.
- 94% telja sig þekkja stefnu skólans varðandi foreldrasamstarf eða vera þátttakandi í að framkvæma þá stefnu.
- 97% telja að ítarleg skólanámskrá skólans hafi verið unnin í samstarfi skólastjóra, starfsmanna og foreldra og liggi fyrir.
- 86% telja gott skipulag vera á samstarfi og samvinnu starfsmanna.
- 88% telja skólastjóra og aðstoðarskólastjóra vinna vel saman.
- 81% telja litla breytingu hafa orðið á trausti á skólanum 19% telja það frekar hafa aukist.

Skriflegar athugasemdir:

- Góður vinnuandi og góðir samstarfsmenn.
- Samveran með nemendum er góð og tækifæri til að bæta við þekkingu þeirra.
- Að vera treyst til að vinna sjálfstætt.

Þeir þættir sem þarfnast umbóta :

Umbótaverkefni teljum við til þeirra atriða sem ekki náðu fyrrgreindu viðmiði, þ.e. að 85% eða fleiri væru staðhæfingunni sammála eða frekar sammála. Enn fremur eru hér talin atriði sem komu fram í skriflegum athugasemdum í könnuninni og starfsmenn telja að þurfi að bæta.

Þeir þættir sem voru mjög nálægt viðmiðum:

- 82% telja skólann hafa skýra stefnu og markmið sem eru öllum vel ljós.
- 80% telja skólastjóra áhugasaman um að bæta skólastarfið.
- 73% eru ánægð með stjórnun skólans.
- 83% telja skýra verkaskiptingu vera á milli kennara og stjórnenda í skólanum.
- 77% telja að það séu skýrar vinnureglur um meðferð náms- og hegðunarvandamála og að það sé góð samstaða um úrlausn þeirra.

Umbótaþættir

- 20% líður illa þegar þeir undirbúa samskipti við foreldra eða kvíðir foreldraviðtölum.
- Tæp 35% starfsmanna finnst þeir ekki fá neinu áorkað til að bæta vinnuaðstæður.
- 40% telja sig ekki hafa áhrif og fá takmarkaðar upplýsingar um ákvarðanir skólastjóra.
- 25% starfsmanna hafa íhugað að segja upp vinnunni.
- 22% starfsmanna geta ekki hugsað sér að vinna áfram á sama stað næstu árin.
- 27% starfsmanna telja starfsmenn ekki styðja hvern annan og hvetja með opinskáum hætti (hrós).
- 63% starfsmanna telja stjórnendur (skólastjóra) ekki fylgjast vel með því sem þeir eru að gera eða láta í ljós áhuga.
- 25% starfsmanna telja stjórnendur ekki taka á vandamálum nemenda þannig að slíkt leiði til lausna innan hóflegs tíma.
- 58% starfsmanna telja nemendur ekki virða skólareglur og tími þeirra fari í að sinna agaleysi í skólanum.
- 58% starfsmanna telja sig ekki hafa mikil áhrif á ákvarðanatöku í skólanum.

- 43% starfsmanna telja húsnæði skólans og búnað ekki vera í góðu lagi og þörf fyrir umtalsverðar framkvæmdir.
- 48% telja að fræðsluyfirvöld (skólanefnd) sinni málefnum skólans ekki af metnaði.
- 33% starfsmanna eru ekki ánægðir með stefnu skólans og þá kynningu sem skólanámskráin hefur fengið.
- 25% telja að ekki ríki nægilega góður agi og reglusemi í skólanum.
- 31% telja sig ekki fá hvatningu og stuðning til að sækja aukna þekkingu.
- 28% telja skólafulltrúa (forstöðumann skólaskrifstofu) ekki vinna vel með skólanum.
- 86% telja að starfsandi hafi versnað.

Skriflegar athugasemdir sem fram komu frá starfsmönnum:

- Mikið álag í pappírsvinnu sem tengist kennslunni lítið.
- Óánægja með breytt fyrirkomulag á matarmálum starfsmanna.
- Allt of fátt starfsfólk á gangavörslu.
- Enginn til að hjálpa ef maður lendir í vanda með nemendur.
- Erfitt að hafa stóra bekki því stofurnar bjóða ekki upp á pláss.
- Nemendur sýna erfiða og hortuga framkomu.
- Erfitt að horfa upp á nemendur sem líður illa.
- Þarf að auka mannskap í matsal.
- Álag er mikið í starfi og maður nær ekki að gera eins vel.
- Að vera utangátta í starfsmannahópnum.
- Að hlusta á neikvæðar umræður og viðhorf starfsmanna á kaffistofu.
- Slök skólastjórnun, ákvarðanir teknar seint, lítil fagleg vinna frá þeim.
- Of miklum tíma varið í tilgangslausa fundi.
- Of lítill tími sem kennarar frá til að sinna undirbúningi kennslu.
- Ósætti og leiðindi á milli starfsmanna.

Umbætur sem unnið er að í þessum málaflokkum:

- Varðandi agamál, þá verður haldið áfram að vinna að SMT skólafærni. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun þetta nær einnig til annars starfsfólks sem tekur nú að fullu þátt í þessu kerfi.
- Kennarar hafa verið að vinna að því að hrósa meira eru og meðvitaðri um mátt hróssins út frá vinnu með skólafærni (SMT) og notkun á geislanum.
- Niðurskurður á kennslutímamagni, mötuneyti fyrir starfsmenn og færri stuðningstímar hafa áhrif á líðan og störf starfsmanna. Bæta þarf vinnuaðstæður starfsmanna, efla þarf stuðning og hvatningu meðal þeirra og vinna með líðan á vinnustað. Ein leið til þess væri að stofna handleiðsluhópa eða fá fagaðila inn til handleiðslu. Önnur leið væri að fá fagaðila til að vera með fyrirlestur um jákvæðan starfsanda, styrkingu til starfsmanna sjálfra.
- Yfirfara þarf nýtingu húsnæðis og búnað skólans, má þá leggja meiri áherslu á að Fasteignafélag Hafnarfjarðar sinni eignum sínum betur.
- Hvetja þarf starfsmenn til að kynna sér stefnu skólans og skólanámskrá þar sem 18% starfsmanna telja sig ekki þekkja það nægilega vel.
- Bæta þarf skilvirkni á leiðum upplýsinga og efla starfsmenn til að axla ábyrgð á ákvarðanatöku innan skólans.

- Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri í skólastarfinu og leita fleiri lausna á vandamálum nemenda.
- Efla þarf samstarf Skólaskrifstofu við skólann og auka framboð til sí- og endurmenntunar.
- Á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar verður á næsta skólaári boðið upp á fræðslufundaröð í öllum grunnskólaum bæjarins þar sem m.a. verður fjallað um sálfélagslegt vinnuumhverfi starfsmanna, samskipti á vinnustað, hvað hver og einn getur gert til að vernda sjálfan sig í krefjandi vinnuumhverfi, um andlegt- og líkamlegt heilbrigði og að takast á við breytingar á starfi og starfsumhverfi.

Niðurlag:
Starfsmannakönnun þessi var gerð á þeim tíma í skólastarfinu að mikil óvissa ríkti um störf fólks sökum niðurskurðar og fækkunar nemenda. Ekki var ljóst hvort hægt væri að bjóða öllu starfsfólki áframhaldandi starf við skólann. Einnig ríkti mikil óvissa um heilsdagsskólann þar sem til skoðunar var hvort ÍTH yfirtæki rekstur hans. Ef til þess kæmi hefði það hugsanlega áhrif á starfshlutfall skólaliða. Ekki lá ljóst fyrir á þessum tíma hvaða afleiðingar þær breytingar sem fyrirhugaðar voru hefðu á vinnuumhverfi starfsfólks við skólann.

3. Skimunarpróf

Í byrjun október fara fram skimunarpróf í 1. bekk Setbergsskóla. Tilgangur skimunarprófanna er að finna við upphaf skólagöngu þá nemendur er hugsanlega þurfa á stuðningi að halda, veita þeim frekari greiningu og stuðning við hæfi.
Skimunin er tvískipt.

A) Í fyrri hluta skimunarinnar er lagt fyrir hugtakapróf ið Boehm-R en þar er könnuð þekking barnanna á 50 almennum hugtökum. Sérkennari sér um fyrirlögn og úrvinnslu prófsins en umsjónarkennari aðstoðar og skráir niður athugasemdir t.d. varðandi úthald og einbeitingu nemenda.

B) Síðari hluti prófsins byggist á einstaklingsviðtölum, þar sem eftirfarandi þættir eru kannaðir:

- Einfalt framburðarpróf.
- Einföld könnun á hljóðkerfisvitund.
- Þekking nemandans á innlögðum bókstöfum könnuð.
- Færni nemandans til að tengja saman bókstafi.
- Ýmis þekkingaratriði prófuð (s.s. hvort barnið þekkir eigin afmælisdag og heimilisfang).
- Barnið svarar nokkrum spurningum er reyna á máltjáningu og rökhugsun.
- Skammtímaminni metið (endurtekning töluraða).
- Lausleg athugun á talnaskilningi þar sem barnið telur upp í 20, telur aftur á bak frá 20, telur hluti og reiknar létt hugarreikningsdæmi (samlagning og frádráttur) .Einnig er kannað hvort barnið þekkir tölustafina frá 1-10.
- Teikniþroski og fínhreyfingar lauslega metið, sem og grip um skriffæri.

Ef ekkert athugavert kemur út úr þessum skimunum er ekki haft samband við foreldra, en ef ástæða þykir til að kanna stöðu nemandans nánar er óskað eftir samþykki foreldra fyrir frekari greiningu. Það fer síðan eftir niðurstöðum greiningar hvort nemandanum er boðið upp á stuðning t.d. í formi málörvunartíma og/eða lestrarstuðnings. Í sumum tilfellum er útbúin

einstaklingsnámsskrá sem byggir á ítarlegri greiningu. Niðurstöður skimunarinnar eru kynntar fyrir nemendaverndarráði og umsjónarkennurum viðkomandi bekkja.

Í 1. og 2. bekk eru auk þess lögð fyrir skimunarpróf sem kallast Læsi. Prófin eru lögð fyrir í áföngum á vorönn. í 1. og 2. bekk. Markmið Læsisprófanna er að finna þá nemendur er kunna að eiga í lestrarerfiðleikum og hefja strax fyrirbyggjandi vinnu.

Síðustu ár hefur komist á sú vinnuregla að gaumgæfa niðurstöður stærðfræðiprófa 1.- 7. bekkjar, bæði í janúar og að vori. Niðurstöður þessara prófa eru m.a. nýttar til að skoða stöðu einstakra nemenda hvað varðar styrkleika og veikleika. Þörf fyrir stuðning er endurskoðuð í ljósi þessara niðurstaðna og hugað vel að kennsluaðferðum. Komið hefur verið á ákveðnu stuðningskerfi þar sem einstaklingsmiðuð kennsla er höfð að leiðarljósi.

4. Samræmd könnunarpróf í 4. 7. og 10. bekk

Meðaltal	Stærðfræði	Þátttaka	Íslenska	Þátttaka	Enska	Þátttaka
Landið	6,5	93,2%	6,2	91,9%	7,1	94,1%
10. bekkur	6,8	89,4%	6,4	90,9%	7,5	92,4%
Landið	6,1	93,2%	6,7	92,9%		
7. bekkur	6,9	92,7%	7,5	92,7%		
Landið	7,2	91,6%	5,6	91,3%		
4. bekkur	6,9	97,7%	5,6	97,7%		

Unnið er með niðurstöður samræmdra könnunarprófa í kennarahópum með það að markmiði að bæta kennslu, sinna einstaklingsþörfum, skoða stöðu hvers og eins með tilliti til styrkleika og veikleika. Þörf fyrir stuðning og breytingu á kennsluháttum er svo unnin í framhaldi þessarar greiningar.

5. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl stóðu yfir frá því í mars og fram í maí. Starfsmenn fengu blað með spurningum sem voru lagðar til grundvallar samtölunum. Spurningar voru meðal annars unnar eftir að starsfmannakönnun hafði verið lögð fyrir til að dýpka einstaka þætti sem stjórnendur vildu fá betri innsýn í. Starfsmenn komu því undirbúnir fyrir það sem til umræðu var í samtölunum en var að sjálfsögðu einnig frjálst að ræða það sem þeir óskuðu hverju sinni. Í samtölunum var rætt um helstu áherslur skólastarfsins, þróunarverkefni, kennslu/starf, líðan starfsmanns, hvað væri gott og hvað mætti bæta. Að lokum var rætt um væntanlegt starf á næsta skólaári.

Unnin var samantekt út frá starfsmannasamtölunum um styrkleika í skólastarfinu og það sem má bæta eða hugmyndir um nýjungar. Umbótaáætlun er unnin út frá því sem fram kemur í starfsmannasamtölum og tekur skipulagning skólastarfsins m.a. mið af þeim.

Í starfsmannasamtölunum kom í ljós að fólk er ekki alltaf sammála. Það sem einum finnst gott finnst öðrum slæmt. Ekki er hægt að koma til móts við þarfir og óskir allra. Einnig kom fram ákveðinn tjáningarmáti sem ekki öllum líkar og virðist í sumum tilfellum hafa truflandi áhrif á samskipti fólks.

5.1 Niðurstöður úr starfsmannasamtölum vorið 2010

Starfsmannasamtöl stóðu yfir frá því í mars og fram í maí. Starfsmenn fengu blað með spurningum sem voru lagðar til grundvallar samtölunum. Spurningar voru meðal annars unnar eftir að starsfmannakönnun hafði verið lögð fyrir til að dýpka einstaka þætti sem stjórnendur vildu fá betri innsýn í. Starfsmenn komu því undirbúnir fyrir það sem til umræðu var í samtölunum en var að sjálfsögðu einnig frjálst að ræða það sem þeir óskuðu hverju sinni. Í samtölunum var rætt um helstu áherslur skólastarfsins, þróunarverkefni, kennslu/starf, líðan starfsmanns, hvað væri gott og hvað mætti bæta. Að lokum var rætt um væntanlegt starf á næsta skólaári.

Unnin var samantekt út frá starfsmannasamtölunum um styrkleika í skólastarfinu og það sem má bæta eða hugmyndir um nýjungar. Umbótaáætlun er unnin út frá því sem fram kemur í starfsmannasamtölum og tekur skipulagning skólastarfsins m.a. mið af þeim.

Hvað gengur vel:

- Námsmatið er flott.
- Fundir góðir og málefnalegir og nýtt fyrirkomulag á fundatíma til bóta.
- Skólaliðafundirnir - gott að hittast oft.
- Samvinna við samstarfsfólk, nemendur og foreldra.
- Kennslan gengur vel.
- Að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Lestrarkennslan gengur vel.
- Vel gengur að innleiða nýjar reglur og það hefur góð áhrif á árangur og mótun kennsluhátta.
- Að virkja nemendur.
- Samstarf innan námsgreina.
- Vel gengur að efla vináttu í bekknum.
- Vel hefur tekist að leysa úr þeim málum sem upp hafa komið í vetur m.a. með aðkomu stjórnenda.
- Skólinn er að taka skref í rétta átt.
- Gangar nýst vel í hópvinnu og hringekjur.
- Skólaliðar standa sig vel með börnin.
- Skólinn einstaklega góður vinnustaður.
- Skólastarfið í góðum farvegi.
- Góður andi og gengur vel og samskipti milli kennara og stjórnenda góð.
- Gott og faglegt samstarf.
- Almennt mjög góð en ákveðin neikvæðni í gangi sem erfitt virðist að uppræta.
- Samstarf við stjórnendur gott.
- Fínn mórall meðal skólaliða.
- Frábær samskipti og gott að leita aðstoðar.
- Skjávarpar frábærir.
- Stór og góð stofa.
- Líður vel með samstarfsfólki.
- Frábært vinnuumhverfi í íþróttahúsi og Lækjarlaug.
- Frábær og samheldinn hópur og frábærir foreldrar.
- Börn og heimili ánægð.
- Tölvupóstur nýtist vel.
- Flestir nemendur vinna vel sína heimavinnu og foreldrar eru jákvæðir.

Það sem starfsmenn vildu bæta:

- Allan tækjabúnað.
- Virkara samstarf við stjórnendur, var meira í haust.
- Samskipti og samvinnu innan árgangs og faggreina.
- Umgengni og gangavörslu.
- Auka hópavinnu.
- Afskipti stjórnenda af hegðun nemenda. Nemendur séu oftar teknir til stjórnenda.
- Miðlun þekkingar og reynslu.
- Skipulag kennslustunda.
- Tímasetningar í stundatöflu.
- Fjölbreyttari kennsluhætti þegar hópar stækka.
- Erfitt að komast yfir námsefnið í fjölmennum nemendahópum.
- Bæta viðhorf og framkomu innbyrðis milli nemenda og starfsmanna.
- Beita lausnateymi markvisst.
- Erfitt að vinna svæðavinnu á göngum þar sem hádegishlé og frímínútur í yngri- og miðdeild stangast á.
- Kennarar sæki nemendahópa að dyrum.
- Sýna tillitssemi á göngum sem jafnframt eru vinnusvæði.
- Geta látið í ljós skoðanir án þess að sett sé ofaní við fólk. Allir þurfa að geta tekið gagnrýni.
- Betri tengsl milli íþróttahúss og skóla.
- Óhress með einhliða ákvörðun skólastjórans um prófatöku þegar nemendur fara í frí.
- Ef við eigum lausar stundir er alltaf búið að ráðstafa þeim.
- Vantar samstarfstíma.
- Svæði fyrir hópavinnu lélegt vegna ónæðis og kulda.
- Litla heimilisfræðistofan erfið til kennslu.
- Skólastofa lítil og kynding í ólagi.
- Þarf aðgang fyrir tungumálakennara að youtube og fleiri netsíðum.
- Margt orðið slitið.
- Vinnuumhverfið er neikvæðara en vanalega um þessar mundir. Fólk hvíslast og pískrar úti í horni. Fólk er þreytt og því finnst saumað að því úr öllum áttum en enginn þorir að segja nokkuð upphátt.
- Á kaffistofu eru stundum neikvæðar og leiðinlegar umræður sem draga mann niður.
- Galið að steypa saman þremur bekkjum í tvo næsta vetur.
- Mikið áreiti í vinnunni og agaleysi á gögnum í hádegi.
- Kominn tími á viðhald í list- og verkgreinastofum.
- Samskipti hafa dalað milli starfsmanna og sumir illa fyrir kallaðir.

SMT – verkefnið: Lýstu hvernig sú vinna hefur nýst þér.

- Athyglimerkið virkar vel
- Leikin í að vinna með grunnreglurnar
- Erfitt að nota geisla - koma sjaldan og stutt í einu
- Lítið gagnast í vetur, vill heldur kenna fáar og góðar reglur
- Reynir eftir bestu getu að hjálpa nemendum að fara eftir reglum, leikum leikrit.
- Nauðsynlegt að hafa góðar skólareglur.

- Ekki á að verðlauna nemendur fyrir rétta hegðun og setur því spurningamerki við skráningarmiða.
- Gengið vel og gott að taka tarnir.
- Skilar sér í samræmdari reglum og aukinni áhersla á hrós og jákvæðni.
- Notar geisla mikið og þeir nýtast vel sem hvatning.
- Notar grunnreglur um samskipti og kynnir fyrir nemendum.
- Skráningarmiðar hafa nýst vel í unglingadeild.
- Spurning hvort skráningamiðar gagnist fyrir yngstu nemendur – ætti kannski að byrja að nota þá í 4. bekk.
- Gott væri að árgangar sameinuðumst um að búa til lista með geislaveislum.
- SMT gengur vel og held betur utan um marga þætti.
- SMT nýtist mér betur núna eftir að ég fór að nota meira af geislum.
- Skráningar góðar til að vísa í þegar þarf að taka á málum.
- Er ekki nógu hrifin af þessu kerfi.
- Hef aldrei notað kerfið eins mikið og í vetur.
- Erfitt að gefa geisla og vil gefa þá á tölvutæku formi.
- Ekki nýst fyrir þá nemendur sem hafa virkilega þurft þess.

Forystuskólaverkefnið:

- Notar orð af orði á svæðum
- Hugtakakort í náttúrufærði, íslensku og ensku.
- Frábært innlegg til breytinga á kennsluháttum.
- Fjölbreyttari kennsla.
- Efla færðilega hlutann – vantar meira kjöt á beinin.
- Hefur gengið vel. Þarf að vinna meira með orð af orði.
- Hefur lagt áherslu á að kenna lestrartækni.
- Reynir í stærðfræði að útskýra hugtök sbr. orð af orði.
- Notar sumt af því, gagnvirkan lestur, hraðlestur og fleira.
- Notar allar helstu aðferðirnar með litlu börnunum.
- Gengur ágætlega höfum lagt okkur fram við að nota þær.
- Flott verkefni og góðir verkefnisstjórar.
- Gengur vel með flest – góð viðbót.

Viðhorf starfsmanna til ákvarðanatöku:

- Starfsmannafundir góðir – lýðræðislegir.
- Vill ekki taka þátt í ákvarðanatöku en vera vel upplýst um það sem framundan er.
- Treystir stjórnendum til að taka ákvarðanir og ræða þau mál sem þarf að ræða við kennara.
- Ekki hægt að gera öllum til hæfis.
- Sátt og finnst ég njóta trausts og fá að hafa áhrif.
- Dýpka það sem við erum að vinna með.
- Kynna fyrir fólki það sem á að ræða á fundum t.d. fyrirlestra það hefur ekki verið gert nógu vel.
- Taka lýðræðislega ákvörðun um þróunarstarf.
- Vil að það sé hlustað á okkur kennara og vil taka þátt í ákvarðanatöku.
- Of mikið af sameiginlegum ákvörðunum.
- Stjórnendur taki ákvarðanir sjálfir um sumt.
- T.d. var vel staðið að kynningu og vinnu við skóladagatal er mjög sátt við það ferli.

- Finnst við vinna lýðræðislega og allir fá að taka þátt í ákvarðanatökum um það sem skiptir mestu máli skiptir eins og þróunarverkefni, skóladagatal, SMT og fleira.

Þættir sem starfsmenn óska eftir að hafa áhrif á:
- Stundatöflugerð.
- Skóladagatal.
- Þemadaga.
- Innra starfið
- Ákvörðun um í hvaða bekk ný börn fara.
- Þegar ráðist er í mjög stór verkefni þarf að kanna hvernig mannskapurinn er stefndur fyrir því.
- Þætti sem hafa áhrif á nemendahópinn og kennsluáherslur.

Hvað felur gott samráð í sér?
- Ánægð með deilda- og fagfundi - fundatími nauðsynlegur.
- Að ræða málin í litlum og stóðum hópum.
- Skiptast á skoðunum eins og gert er á deidafundum.
- Taka sameiginlegar ákvarðanir sem allir eru sáttir við og treysta sér til að vinna eftir.
- Gagnkvæm virðing, allir hafa eitthvað gott fram að færa.
- Að geta rætt málin og allir sagt sína skoðun og hlustað á gagnrýni.
- Vont þegar sumt fólk fer ekki eftir því sem er ákveðið sameiginlega (SMT o.fl).
- Sameiginlegar ákvarðanir og að þeim sé fylgt eftir.
- Að allir starfsmenn hafi eitthvað til málanna að leggja og að á þá sé hlustað af jákvæðni.
- Stjórnendur reyna stundum að fá okkur til samstarfs en við þurfum að vera til í það.
- Mál kynnt og fólk getur sagt skoðun sína (þorir) og það er hlustað.
- Ef breytinga er þörf þarf að leggja línurnar fyrir komandi tímabil/ár að vori.

Í starfsmannasamtölunum kom í ljós að fólk er ekki alltaf sammála. Það sem einum finnst gott finnst öðrum slæmt og sýn fólks getur verið ólík. Ekki er hægt að koma til móts við þarfir og óskir allra en reynt er eftir því sem aðstæður leyfa að taka tillit til þeirra þátta sem fram koma og gera úrbætur

Starfsmannasamtöl og starfsmannakönnun eru höfð til hliðsjónar við skipulagningu næsta skólaárs m.a. varðandi nýtingu verkstjórnartíma og fundaskipulag, kennslufyrirkomulag og við stundatöflugerð. Reynt verður að einfalda stundatöflur og búa til tímablokkir þannig að allir séu í frímínútum á sama tíma og matartími styttist. Allir munu byrja á sama tíma í skólanum næsta vetur en það einfaldar allt skipulag og þannig nýtist tími kennara betur. Það hefur einnig þær breytingar í för með sér að morgunfrímínútur eru á sama tíma hjá öllum sem er til bóta fyrir þá kennara sem kenna í mörgum árgöngum. Einnig er meiri friður á göngum þegar skólatíminn er sjaldnar brotinn upp. Vinnutíma skólaliða verður þannig varið að sem flestir verði í vinnu frá morgunfrímínútum og fram yfir hádegishlé. Einnig verður lögð áhersla á að fá kennara til að taka að sér gæslu, sérstaklega í hádegishléi.

Vísað er til umbótaáætlunar við starfsmannasamtöl þar sem margir þættir sem þar koma fram eru þeir sömu og fram koma í starfsmannasamtölum. Lögð verður áhersla á að vinna úr niðurstöðum á næsta skólaári til að fá fram hugmyndir starfsmanna að úrlausnum þar sem úrbóta er þörf.

6. Foreldradagar

Tveir foreldradagar voru á árinu. Mæting foreldra var að jafnaði frá 89 – 100% með einni undantekningu, en þar sem aðeins mættu 74% foreldra. Hinir hittu umsjónarkennara á öðrum tíma eða símleiðis. Í mörgum bekkjum var mæting 100% sem verður að teljast mjög gott. Einnig komu margir foreldrar og hittu sérkennara, list- og verkgreinakennara og iþróttakennara. Ýmislegt var rætt, bæði það sem varðar námsframvindu og líðan. Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann en þó var heilsdagsskólinn töluvert til umræðu og spurningar foreldra varðandi skipulag starfsins þar. Einnig var bent á nauðsyn þess að ræða vel við kennara áður en nemendur eru fluttir milli bekkja. Ábendingar komu um að hafa foreldrakönnun rafræna á næsta skólaári. Athugasemdir komu vegna kórtímans þar sem nemendur eru teknir út úr bekk þetta skólaárið. Það kemur sér illa fyrir einhverja. Kvartað var yfir hávaða í matsal og spurt um opnunartíma skólahúsnæðis. Einnig var bent á slysahættu í nágrenni skólans vegna opins húsgrunns.Flestir ánægðir með matinn. Ánægja með námsmöppur og forelrafulltrúar standa sig vel. Meðal foreldra barna í 7. bekk kom fram ánægja með þrískiptingu nemendahópsins þetta skólaárið. Börnunum líður vel í fámennum hópum en áhyggjur af að þetta fyrirkomulag verði ekki áfram. Einhverjir foreldrar óska eftir að fá póst þegar nemandi fær skráningu í mentor. Í 10 bekk snerist umræðuefnið um framhaldisskólann og að nú væru síðustu forvöð að taka sig á í náminu áður en grunnskóla lyki.

Meðal umræðuefna við sérkennarana var ánægja með hópaskiptingu í stærðfræði, niðustöður prófa og stöðu nemenda. Einnig fengu foreldrar ráðgjöf varðandi aðstoð við heimanám. Myndmenntakennari var ánægður með daginn og margir foreldrar stoppuðu í myndmenntastofu til að skoða myndir og spjalla um myndmenntakennsluna. Áberandi voru foreldrar barna í unglingadeild sem lýstu yfir ánægju með verkefnaval.

Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri.
María Pálmadóttir, skólastjóri.